

drengi og stúlkur. Vilhjálmur hafði verið formaður á mótorbátum margar vertíðir og komið sér sæmilega fyrir þarna á Víkinni. Hann bjó í timburhúsi á bakk-anum frammi við sjóinn. Það hét Svalbarð. Ég þræddi mig áfram að húsinu eftir leiðsögn manna, er ég hitti á veginum.

Þau Vilhjálmur og Elín tóku mér einstaklega vel. Ég var til húsa hjá þeim þessa þrjá daga, sem ég var um kyrrt á Grenivík. Margmennt var í húsinu þessa daga. Vilhjálmur gerði út mótorbát, en einn sonur hans var formaður á bátnum. Róið var til fiskjar þessa daga, og var reyttingsaflí. En ekki þótti útliðið björgulegt um sjósóknina. Engar fréttir bárust um síldarafla. Tíðarfarið var kalt, grassprettu rýr, þurrk-leysur og sólarlitlir dagar, svo að ekki þótti heldur álitlega horfa um landbúnaðinn. Það var þráð mjög heitt, að skipti um tíðarfar.

Dagana, sem ég dvaldi á Grenivík, notaði ég til að skreppa á bæi í nágrenninu og hafa tal af fólki, sem ég þekkti frá fyrri tíð. Einn daginn gekk ég inn á Kljáströnd. Þá göngu hóf ég vestan í Þengilshöfða. Þar eru á kafla brattir hamrar í sjó fram, og heita þar í milli Kvígudalir. Frændi minn, sonur Vilhjálms, fylgdi mér versta torleiðið og sagði mér til vegar, þegar úr því var komið.

En þegar ég nálgadist Kljáströnd, lenti ég í voðalegum gaddavírsgirðingum. Sá ég mér þá lengi ekkert færi að komast yfir þessa víglínu, nema mér bærisk einhver hjálp. Þræddi ég lengi með gaddavírnum, án þess að sjá fyrir endann á honum. Ég var í nýjum fötum og þorði ekki að hætta þeim við að klifra yfir

girðinguna. En þegar ég var í mestum vandanum, kallaði maður til mín og ávarpaði mig fullu nafni. Hann vísaði mér á hlið á girðingunni, en fram hjá því hafði ég farið vegna ókunnugleika.

Maðurinn, sem á mig hafði kallað, kom til móts við mig við hliðið. Það var Sigurður Ringsted, gamall kunningi minn. Mér þótti hann glöggur að þekkja mig tilsýndar.

Ég gekk svo heim með Sigurði Ringsted. Hann var sjógarpur mikill og hafði verið formaður á mótorbát í mörg ár. Nú var hann í landi vegna heilsuleysis og gaf sér því góðan tíma til að tala við mig. Hann var nú roskinn orðinn og reyndur af lífinu. Hann er greindur maður, og varð ég margs vísari af viðræðunum við hann.

Einnig heimsótti ég Krístrúnu frænku mína frá Finnastöðum. Hún er kona Gunnars Þórðarsonar frá Höfða og bjó nú þarna á Kljáströnd.

Milli Kljástrandar og Höfða voru komin nokkur nýbýli með stórum túnum, sem ræktuð höfðu verið úr kargabýfðum móum. Ég frétti það á Kljáströnd, að Guðný Gunnarsdóttir ætti heima á einu þessu býli. Ég var henni kunnugur frá því, er hún bjó að Hóli í Þorgeirsfirði. Nú var hún orðin háöldruð kona, komin um áttætt, og vildi ég ekki ganga fram hjá garði hennar. Sigurður Ringsteð fylgdi mér þangað heim. Þar bjó Björn Björnsson, sonur Guðnýjar. Hann var nú ekkjumaður, og ekki var hann heima að þessu sinni, heldur úti á Grenivík, landmaður við vélbát.

Ég sat nokkra stund inni í stofu hjá gömlu konunni og ungri frænku hennar og uppeldisdóttur. Ég ræddi